



Keppni	2. umferð Íslandsmótsins í Rallycross
Keppnisstaður	Braut AÍH við Krísuvíkurveg
Dagsetning	6. júní 2021

Varðar ökutæki nr. 6 og 11

Málsatvik

Kolbrún Vignisdóttir staðreyndadómari, í umboði keppnisstjóra, vísaði kl. 19.03 til dómnefndar atviki er varðaði ökutæk nr. 6 og 11 í A úrslitum unglingaflokks.

Staðreyndadómari á „pósti 3“, blátt merki á meðfylgjandi mynd, Kristján Pálsson, taldi að ökutæki nr. 11 hafi ekið utaní ökutæki nr. 6, sem ný komið var úr jóker, með þeim afleiðingum að ökutæki nr. 6 snérist og ökutæki nr. 11 þannig komist framúr.

Ákeyrslan varð u.p.b. þar sem rauðmerkt er á meðfylgjandi mynd.





Málsmeðferð

Dómnefnd kom saman kl. 19.18 til að fara yfir málið. Skoðuð var myndbandsupptaka frá Mótrosport á Facebook, <https://www.facebook.com/islmotorsport>.

Tekin var skýrsla af Kristjáni Pálssyni staðreyndadómara og einnig var farið yfir Keppnisgreinareglur fyrir rallycross, VIÐAUKA L VIÐ ALÞJÓÐLEGU REGLUBÓKINA KAFLI IV - AKSTURSHÉÐUN Á BRAUTUM.

Niðurstaða

Mat dómnefndar er að ökutæki 6 hafi verið komið á ábyrgan hátt úr jóker og hafi verið komið í aksturslínu fyrir umrædda beygju. Ökutæki nr. 11 ekur aftan á ökutæki nr. 6 sem í framhaldinu snýst og ökutæki nr. 11 fer framúr.

Dómnefnd telur að ökumaður ökutækis nr. 11 hafi með þessu gerst brotlegur við grein 3.2.8. í Greinarreglum fyrir rallycross sem hljóðar svo:

„**3.2.8.a** Ekki má aka aftan á annað ökutæki.“

Úrskurður

Ökutæki nr. 6 telst hafa lokið A-úrslitum í 3. sæti og ökutæki nr. 11 lokið A-úrslitum í 4. sæti.

Undirritun formanns dómnefndar	Aðalsteinn Símonarson
Úrskurður afhentur kæranda (Dagsetning og tími)	6. júní 2021 kl.
Úrskurður móttækinn af keppanda nr. 11 (undirritun)	